

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

879. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 7. september 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir skipulags- og umhverfisráðs.

a. Fundargerð 255. fundar frá 31. ágúst sl. Fundargerð í einum lið. Afgreiðslu frestað. Boðað verður til kynningarfundar fyrir sveitarstjórn um skipulagslýsingu deiliskipulags Hvammstangahafnar, fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

b. Fundargerð 256. fundar frá 3. september sl. Fundargerð í 2 liðum.

1. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum

2. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum. Byggðarráð tekur undir mikilvægi þess að farið sé eftir því skipulagsferli sem fram kemur í skipulagslögum. Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.

2. Fundargerð fræðsluráðs.

Fundargerð 163. fundar frá 1. september sl. Fundargerð í 2 liðum. Varðandi 2. lið þá er sveitarstjóra, sviðsstjóra fjölskyldusviðs og formanni fræðsluráðs falið að láta gera úttekt á verkferlum í eineltis- og samskiptamálum innan grunnskólans. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.

3. Fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands frá 24. ágúst sl. lögð fram til kynningar.

4. 1509007 Lagt fram bréf frá Kirkjuráði dags 1. sept sl. þar sem skorað er á sveitarstjórn að leggja sem fyrst og ekki síðar en sumarið 2016 hitaveitu og ljósleiðara að Melstað. Samkvæmt áætlun um lagningu hitaveitu í dreifbýli í Húnaþingi vestra er gert ráð fyrir lagningu hitaveitu í Víðidal á árunum 2016 og 2017. og Melstað ofl bæi 2017.

5. **1509002 Lagt fram til kynningar bréf frá Matsnefnd** dags. 24. ágúst sl. þar sem fram kemur að vegna endurskoðunar á arðskrá fyrir Veiðifélag Miðfirðinga er veiðiréttareigendum gefinn kostur á að skila inn gögnum, upplýsingum, ábendingum, greinargerð og kröfum um þau atriði sem varðað geta mat á arði einstakra fasteigna. um gögn og upplýsingar um matsatriði við arðskrármát fyrir Veiðifélag Miðfirðinga.
6. **1505014 Lögð fram lokaskýrsla** vegna styrkveitingar sem Þvottahúsið Perlan fékk úthlutað árið 2015 úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra. Byggðarráð samþykkir skýrsluna og felur sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs að greiða eftirstöðvar styrksins.
7. **Skipurit Húnaþings vestra.** Byggðarráð felur oddvita og formanni byggðarráðs að fara yfir skipurit Húnaþings vestra í kjölfar aukinna umsvifa sveitarfélagsins í hitaveituf framkvæmdum.
8. **Samþykkt að næsti fundur sveitarstjórnar** verði þann 16. september nk. kl. 15:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl 15:31

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir